

SAMTÖK VERSLUNARINNAR

FEDERATION OF ICELANDIC TRADE



SAMTÖK MILLIRÍKJA-
VERSLUNAR, HEILD-
SÖLU- OG SMÁSÖLU-
DREIFINGAR

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Alþingi
Erindi nr. P 127/760
komudagur 19.2.2002

Reykjavík, 19.02.2002
Tilv. 12.103
GÁS/gás

Visað er til erindis hæstvirktrar efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 5. þ.m., þar sem óskað er umsagnar Samtaka verslunarinnar um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 91/1998, um bindandi álit í skattamálum, mál nr. 316.

Með frumvarpinu er lagt til að gjald fyrir útgáfu bindandi álits í skattamálum verði hækkað um 500%. Samtökin mæla eindregið með því að þessari hækkun verði hafnað af háttvirtu Alþingi og þess í stað verði gjaldtaka þessi aflögð með öllu. Hér er um að ræða þjónustu sem ríkið á að veita án endurgjalds. Hin gríðarlega hækkun gjaldsins stingur einnig í stúf við yfirlýsingar ríkisstjórnar o.fl. um aðgerðir til að sporna við verðbólgu og aðgerðum til að koma í veg fyrir hækkun hennar. Þetta er mjög í andstöðu við þau markmið.

Virðingarfyllst


Guðrún Ásta Sígurðardóttir hdl.